



# Hestamannafélagið Glaður

Brekkuhvammi 10  
370 Búðardal  
www.gladur.is

## Aðalfundur 10. apríl 2011

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn í Leifsbúð í Búðardal 10. apríl 2011.

Á fundinn mættu 9 félagsmenn.

Eyþór Jón Gíslason, formaður, setti fund kl. 20:35 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stungið var upp á Eyþóri sem fundarstjóra og Þórði Ingólfssyni sem fundarritara og var þetta samþykkt.
2. Eyþór gerði grein fyrir því helsta í starfsemi félagsins á síðasta starfsári. Hann sagði frá mótum félagsins og fræðslustarfi. Hann taldi barna- og unglingastarf vera vaxandi og hrósaði fræðslunefnd fyrir það. Eyþór sagði frá þeim reiðvegum sem unnið var við. Eyþór þakkaði félagsmönnum vel unnin störf á árinu.
3. Svala Svavarsdóttir, gjaldkeri lagði fram og skýrði ársreikning Glaðs fyrir árið 2010. Gjöld voru samtals 3.045.824 kr. og tekjur samtals 3.047.495. Afskriftir voru 43.693 og rekstrarniðurstaða því 557.978. Á efnahagsreikningi 31.12.2010 eru eignir samtals 9.966.230 og skuldir og eigið fé sömuleiðis kr. 9.966.230.
4. Þá fóru fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Þórður Ingólfsson, ritari, gerði grein fyrir félagatalinu en 15 hafa hætt frá síðasta aðalfundi og 15 nýjir félagar komið inn. Klappað var fyrir nýjum félögum. Félagar eru nú 150 talsins. Stjórnarmenn svöruð spurningum um skýrslu og reikninga.
5. Ársreikningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.
6. Kosningar skv. 6. grein.
  - Meðstjórnendur til 3 ára voru kjörnir Viðar Þór Ólafsson og Guðbjörn Guðmundsson. Varamenn þeirra voru kjörnir Heiðrún Sandra Grettisdóttir (fyrir Viðar) og Unnsteinn Kristinn Hermannsson (fyrir Guðbjörn).
  - Skoðunarmaður reikninga til 2 ára var kjörinn Rúnar Jónasson.
  - Kosningu fulltrúa á sambandsþing UDN var vísað til stjórnar.
7. Eftirfarandi nefndir voru kjörnar:
  - Fræðslunefnd
    - Gyða Lúðvíksdóttir, formaður
    - Sigrún Hanna Sigurðardóttir
    - Heiðrún Sandra Grettisdóttir
  - Reiðveganefnd
    - Guðbjörn Guðmundsson, formaður
    - Kári Lárusson
    - Ólafur Guðjónsson
  - Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands
    - Eyþór Jón Gíslason

#### Mótanefnd

Einar Jón Geirsson, formaður  
Styrmir Sæmundsson  
Ingibjörg Eyþórsdóttir  
Skjöldur Orri Skjaldarson  
Svanhvít Gísladóttir

#### Skemmtinefnd

Skjöldur Orri Skjaldarson, formaður  
Gunnar Örn Svavarsson  
Margrét Guðbjartsdóttir  
Unnsteinn Kristinn Hermannsson

#### Tölvu- og tækninefnd

Þórður Ingólfsson, formaður  
Ásgeir Salberg Jónsson  
Herdís Erna Gunnarsdóttir  
Svala Svavarsdóttir

Fulltrúi Glaðs til að fara með atkvæði félagsins á aðalfundi Nesodda en Glaður á 80% í Nesodda. Stungið var upp á Eyþóri J. Gíslasyni til að fara með atkvæði Glaðs og var það samþykkt.

8. Gjaldkeri leggur til að árgjald verði óbreytt, þ.e. 5.000 fyrir 17 ára og eldri en 2.000 fyrir 13-16 ára. Tillagan samþykkt.
9. Önnur mál.
  - a) Skjöldur Orri minntist á úrtöku fyrir Landsmót. Eyþór sagði að í skoðun væri að vera í samstarfi við nágrannafélög um úrtöku. Mótanefnd vinnur að málinu.
  - b) Fyrirspurn hefur borist um það hvort hægt væri að bjóða upp á að auglýsa hross til sölu á vef Glaðs. Samþykkt að skoða málið.
  - c) Einnig rætt um birtingu á myndum á vef Glaðs og kom fram að unnið er að þessu.
  - d) Rætt var um umhverfi reiðvallarins og áhorfendabrekkuna. Fundarmenn voru sammála um að umbóta væri þörf og var stjórn falið að huga að þessu.

Fleira var rætt en ekki bókað. Fundi slitið kl. 22:10.

*Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)*  
*Eyþór J. Gíslason (sign)*  
*Svala Svavarsdóttir (sign)*